

**II Mælaleiga.**

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að  $\frac{3}{4}$ " ..... kr. 570,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" ..... kr. 804,00

**III Heimæðargjald.**

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m<sup>3</sup>, kr. 11 580,00

400 til 2 000 m<sup>3</sup>, kr. 11 580,00 af 400 m<sup>3</sup> + kr. 9,75 á m<sup>3</sup> þar yfir að 2 000 m<sup>3</sup>.

2 000 m<sup>3</sup> kr. 27 180,00 + kr. 8,00 á m<sup>3</sup> þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 1 990,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

**IV Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 120,00

**V Ýmis ákvæði.**

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísan til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 114 24. febr. 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Gudrún Skúladóttir.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m<sup>2</sup> og stærri, kr. 136,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 54,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 31,70 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra.
2. Önnur hús kr. 90,40 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> kr. 12 810,00,

Hús 300—2 000 m<sup>3</sup> kr. 12 810,00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 9,50 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m<sup>3</sup> kr. 29 088,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> og kr. 7,90 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 1 290,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1015 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### **um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 369,00 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 18,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 13\,071,00 + 14,26 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu: